

Ed.

805. Breytingartillaga

[19. mál]

við frv. til laga um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Dómari skal í dómi ákveða eftir kröfu aðila, að dæmdir vextir fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slíkri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 eiga við um aðila, eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefndi skilar ekki greinargerð.

Þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936 má aðili krefjast dómvaxta án þess að nefna vaxtafót.